UMHVERFIS
STOFNUN

Nordic Fish Leather ehf.
Borgarmýri 5
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 18. maí 2020
UST202002-023/H.G.
08.10.01

**Færsla starfsleyfis fyrir rekstur sútunarverksmiðju – Leiðrétt bréf**

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Atlantic Leather II ehf. kt. 510110-1290 og Nordic Fish Leather ehf. kt. 601219-0930, dags. 5. febrúar 2020, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi fyrir rekstri sútunar- og litunar á fiskroði á lóðinni Borgarmýri 5, 550 Sauðakrókur, útg. 20. desember 2017 af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, frá Atlantic Leather II ehf. yfir á nýjan rekstraraðila Nordic Fish Leather ehf.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Nordic Fish Leather ehf. kt. 601219-0930. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 20. desember 2029.

Ákvörðunin um yfirfærslu starfsleyfisins tók gildi þann 10. febrúar 2020 en þar sem bersýnileg villa var í ákvörðuninni var hún leiðrétt, sbr. 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is